

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi hestúsaahverfis í Breiðholti, loftnetsmastur og tækjaskýli.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 15. ágúst 2006 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í að gert verður ráð fyrir nýrri 120 m² lóð fyrir 18 m² tækjaskýli og 15 m mastur á Miðhúsaklöppum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga, A áfanga, lóð fyrir yfirfallsmannvirki.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. október 2006 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu að ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í að bætt er við lóð við Hlíðarbraut fyrir yfirfallsmannvirki, sem er hluti af fráveitukerfi bæjarins. Mannvirkið verður að miklu leyti neðanjarðar og verður landslag mótað þannig að það verður lítt áberandi.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga, A áfanga, Njarðarnes 4.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 7. nóvember 2006 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu að ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í að byggingarreit á lóðinni nr. 4 við Njarðarnes er breytt. Leyfileg vegg hæð verði 5,0 m í stað 4,0 m og húsgerð verði H2 í stað H1. Að öðru leyti gilda ákvæði skipulagsins óbreytt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga, A áfanga, Freyjunes 4.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 12. september 2006 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu að ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í að byggingarreit á lóðinni nr. 4 við Freyjunes er breytt þannig að hann er lengdur til vesturs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 21. desember 2006,

Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.